

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Árið 2016, þriðjudaginn 18. október, var haldinn 130. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty, Aðalheiður Frantzdóttir, Sigbór K. Ágústsson og Elísabet Ólöf Helgadóttir. Einnig voru mættir áheyrnarfulltrúinn Sveinn Hjörtur Guðfinnsson fyrir Framsókn og flugvallarvini og Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri Breiðholts sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá ÍR um stuðning varðandi húsnæðisaðstöðu í Efra-Breiðholti fyrir karate, taekwondo og júdóiðkun barna, dags. 8. september 2016. Hverfisstjóra falið að vinna að lausn málsins fyrir hönd hverfisráðs í samstarfi við Fellaskóla, ÍTR og ÍR.

Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um íbúafund. Stefnt að því að halda fund með lögreglu og íbúum um hverfið og hverfisvitund um miðjan nóvember.
3. Fram fer umræða um skipulag og umhverfi í hverfinu. Formanni falið að leita upplýsinga um viðhald á lóð Breiðholtsskóla og lýsingu gangstétta milli Selja- og Salahverfis í samræmi við hugmyndir sem fram komu í Hverfið mitt 2016.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Við gangbrautir í hverfinu er mikilvægt að gera betri lýsingu því svo virðist þegar slökkt er á götuvitum að útsýni sé slæmt og öryggi barna og gangandi vegfarenda er hættulegt. Mikilvægt er að bregðast við með því að koma fyrir aukinni lýsingu.

Fundi slitið kl. 18.00

Nichole Leigh Mosty

Elísabet Ólöf Helgadóttir
Aðalheiður Frantzdóttir

Sigbór K. Ágústsson